

Ed.

529. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Varla verður um það ágreiningur, að á Suðurlandsundirlendi, þessu samfelldasta og að ýmsu leyti frjóasta landbúnaðarsvæði landsins, eru tugir bújarða, sem hver um sig er hið bezta aðsetur fyrir bændaskóla. Af þessu leiðir, að þegar velja á einn ákveðinn stað fyrir skólasetur, verður það álitamál, hver þeirra sé beztur, þegar alls er gætt.

Nú er svo komið um væntanlegan bændaskóla á Suðurlandi, að um það er keppt, hvort skólinn skuli vera í Skálholti í Biskupstungum eða á Sámstöðum í Fljótshlíð. Greinir menn á um þetta, svo sem einatt vill verða um álitamál. Bent er með réttu á ýmsa kosti á báðum þessum stöðum.

Í Skálholti er mikið land og gott, fjölbreytt skilyrði til búnaðar og búnaðar-kennslu og nægur jarðhiti í landareigninni. Ljómi hvílir og yfir þeim stað frá eldri tímum. Á Sámstöðum er land mjög frjótt og veðursæld ein hin mesta á landi hér. Fljótshlíðin er nærri miðju Suðurlandsundirlendisins, þéttbýl og fögur. Byrjað er á fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts, og gera ýmsir sér vonir um, að þarna grói upp mikið land og frjósamt, er auki landkostina stórum. Þá telja og margir, að gagnlegt sé það fyrir bændaskóla að húa í nágrenni við starfsemi, sem þarna er fyrir, tilraunastöð á aðra hönd, en skógræktarstöð á hina. Ég undrast ekkert, þótt skoðanir reynist skiptar, þá er velja á um þessa tvo staði, ef ekkert fleira kemur til greina en staðarvalið eitt. En mér þykir hér vera á fleira að líta.

Í lögum um bændaskóla, þeim er breyta á með frv. þessu, er mælt svo fyrir, að landbúnaðarráðuneytið skuli ákveða stað fyrir bændaskóla á Suðurlandi, eftir að hafa leitað um það atriði álitis Búnaðarfélags Íslands. Ég tel víst, að þannig hafi verið frá þessu gengið í lögnum vegna þess, að forgöngumenn málsins á Alþingi, þingmenn af Suðurlandsundirlöndinu, vissu, að ágreiningur var um það, hvar skólinn skyldi verða, gátu ekki sjálfir orðið sammála um staðinn og stuðluðu því að því á Alþingi, að ráðherra yrði falið í lögnum að ákveða, hvar skólinn skyldi vera. Búnaðarfélag Íslands fól þriggja manna nefnd að rannsaka málið og benda á skólasetur. Sú nefnd klofnaði. Steingrímur búnaðarmálastjóri og Jón á Reynistað töldu Skálholt rétta staðinn, en Guðmundur á Stóra-Hofi, formaður Búnaðar-sambands Suðurlands, taldi Kálfholt í Ásahreppi heppilegast. Sjálfsagt hafa þessir menn allir lagt það til málanna, er þeir töldu réttast. Þó urðu þeir ekki sammála. Nú hefur landbúnaðarráðherra, samkvæmt lagafyrirmælum, ákveðið skólanum stað. Fyrir vali ráðherrans hefur orðið jörðin Sámstæðir í Fljótshlíð, ásamt smá-jörðum þar í nágrenni.

Svo sem að framan greinir, hefur Alþingi árið 1942 falið ráðherra að ákveða, hvar bændaskóli Sunnlendinga skuli vera. Þetta hefur ráðherrann gert. Þykir mér það of mikið hverflyndi frá hálfu Alþingis að gera nú, eftir aðeins tvö ár, þessar ákvarðanir sínar að engu, nema þá því aðeins, að skólasetrið teljist svo illa valið, að óviðunandi sé með öllu En engan hef ég heyrt halda þeirri skoðun fram í al-vöru og býst varla við, að hún sé til meðal alþingismanna. Verður prentaður sem fylgiskjal á effir nál. þessu kafla úr bréfi frá Klemenzi Kristjánssyni á Sámstöðum varðandi þetta atriði.

Þar sem mér virðist, að svo megi það kallast, að bændaskóli Sunnlendinga sé nú löglega settur að á Sámstöðum í Fljótshlíð, vil ég ekki eiga hlut að því að flytja hann þaðan í burtu, hvorki að Skálholti né annað. Ræður það miklu um þá ákvörðun mína, að úr því að skólanum hefur samkv. lagafyrirmælum verið ákveðinn sæmilegur staður, eigi að láta þar við sitja og á þann einn hátt verði fullt samræmi í afskiptum Alþingis af málinu. Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ráðherra hefur þegar ákveðið, að bændaskóli Suðurlands skuli vera á Sámstöðum í Fljótshlíð, telur deildin ekki þörf á frekari afgreiðslu þessa frumv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Með álitni meiri hl. landbúnaðarnefndar er prentað sérálit þeirra Steingríms búnaðarmálastjóra og Jóns á Reynistað sem fylgiskjal.

Mér þykir rétt að birta hér kafla úr sérálit Guðmundar á Stóra-Hofi, og verða þeir prentaðir hér á eftir sem fylgiskjal II.

Alþingi, 20. nóv. 1944.

Páll Hermannsson.

Fylgiskjal I.

Kaflí úr bréfi Klemenzar Kristjánssonar.

Búnaðarskóli er betur settur á góðum stað í Rangárvallasýslu en í Árnassýslu, m. a. af því, að í þessari sýslu starfa tvær ræktunarstöðvar, Tilraunastöðin á Sámstöðum og Skógræktarstöð ríkisins, sem sjálfsgætt er að hafa samband við og not af við hina verklegu kennslu í jarðrækt. Skógræktin er líka jarðrækt, sem, ef rétt er á haldið, þarf að komast inn í hina almennu landbúnaðarframleiðslu, og hið sama má segja um hina ungu akuryrkju, að hún nær því aðeins útbreiðslu, að hún verði keund verklega og bóklega í skóla. Aðstaða skólans til að reka akuryrkju — kornyrkju, garðrækt, grasfrærækt, sáðskiptatúnrækt o. fl. — á eigin búi verður hægari og ótæð raungildari, ef skólinn er ekki langt frá Tilraunastöðinni á Sámstöðum og hefur samvinnu við hana um ræktunartilhögun og framkvæmd hennar. En segja má með fullum rétti, að fyrst um sinn verður akuryrkja bezt kennd næst þeim stað, er hún hefur fyrst vaxið úr grasi.

Það er framkvæmdaratriði fyrir starfrækslu hins nýja skóla, að hann notfæri sér við kennsluna þau kennslugögn, sem til eru á sviði jarðræktarinnar og starfa nú lífrænt á sviði akuryrkju og skógræktar.

Það er ekkert aðalatriði, að skóli sé settur á mjög stóra jörð. Óþarflega stórt land er ekkert kennslugagn fyrir skóla, nema því aðeins, að byggt sé á sauðfjárbúskap í stórum stíl og hrossarækt, þar sem þörf er á mikilli úthagabeit. Skóli reistur á ræktunarbúskap þarf vart meira en 70—100 ha ræktanlegt land auk nokkurrar úthagabeitar. Þetta er miðað við, að skólinn hafi 25—30 kýr, hafi svínarækt, hænsnarækt og lítið sauðfjárbú, 70—100 ær, og hross þau, sem með þarf til búrekstrar.

Land skólabús, sem á að kenna ræktunarbúskap, þarf að vera vel yrkt og ekki í mjög stórum stíl, því að ætla má, að í framtíðinni verði ekki stórrekstur, sem hentar landbúnaði, heldur smábýlabúskapur og nokkru stærri. Þetta virðist vera stefna nágrannalanda vorra. Skólabú, sem hefði 20 ha undir plóg árlega, gæti kennt betur verklega framkvæmd akuryrkju en nú er gert á okkar stóru búnaðarskólum, auk þess, að vel rekin og hæfilega stór jarðrækt — túnrækt, kornrækt, grasfrærækt og garðyrkja — hefur sín áhrif á nemendurna, því að hún getur með útliti sínu sýnt og sannað, hvernig á að standa að þessum framkvæmdum.

Með því að hafa 20 ha undir plóg árlega, yrði 20 ha sáðskiptagraslendi inni í því sáðskipti, sem hæft væri. Sáðskiptatúnið gefur fóður fyrir 25—30 kýr einslegið auk töluverðrar beitar fyrir kýr. Hið opna akurlendi gæti verið 15 ha kornland árlega og 5 ha garðland og grasfóður. Hið opna land 20 ha gæti árlega gefið ca. 600 hesta hálm, 250—300 tn. korn, 400—500 tn. söluhæfar kartöflur og grasfóður ca. 120—200 hesta.

Þótt ekkert annað land en 40 ha væri yrkt og nytjað til fóðurframleiðslu, væri þar nóg fóður fyrir það skólabú, er að framan getur. Þetta hefur starfsemin á Sámstöðum sannað um fjöldamörg ár, og það sama er hægt að útfæra við rekstur skólabús, ef hugur fylgir máli og unnið er eftir ákveðnum markmiðum. Má eftir þessu, sem ég hef hér lítilliga dregið á, gera fastlega ráð fyrir, að skóli, sem kennir verkleg og bókleg fræði fyrir landbúnaðinn, þurfi ekki yfir 70—80 ha ræktanlegt land auk nokkurrar úthagabeitar (fyrir sauðfé og hross).

Fylgiskjal II.

Úr álití frá minni hluta nefndar þeirrar, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands skipaði til þess að gera tillögur um stað fyrir Bændaskóla Suðurlands.

Ástæður fyrir því, að ég get ekki fylgt meiri hluta nefndarinnar að málum, er hún bendir á Skálholt sem hinn æskilegasta stað fyrir Búnaðarskóla Sunnlendinga, eru tvíþættar:

1. Ég tel sanngirni og mikla nauðsyn bera til þess, að skólinn sé í Rangárvallasýslu.
2. Valið á Skálholti tel ég, að sé að verulegu leyti mótað af viðhorfi, er hvergi nærri samrýmist þeim hugsjónum, er ég tel, að ekki megi frá vika við stofnun og starfræslu nýs bændaskóla.
Skal nú gerð nokkur grein fyrir þessu hvoru tveggja.

1. Í hvaða sýslu á skólinn að vera?

Eins og kunnugt er, eru það fjórar sýslur, er hér eiga hlut að máli, Árnæssýsla, Rangárvallasýsla, V.-Skaftafellssýsla og Vestmannaeyjasýsla. Æskilegt er, að skólinn sé settur sem mest miðsvæðis í þessum sýslum, og með tilliti til þess fellur valið án alls efa á Rangárvallasýslu. En hér ber einnig fleira til. Æskilegt er, að slíkar mennta- og menningarstofnanir nái sem víðast til, enginn mundi hugsa vel til þess, að allir þeir skólar, er í sveitum starfa, s. s. bændaskólar, húsmæðraskólar, héraðsskólar o. s. frv., væru samankomnir í einni og sömu sveit eða sýslu, jafnvel þó að vegalengdir væru orðnar það lítið atriði og samgöngur svo fullkomnar, að þess vegna skipti lítlu máli, hvar skólarnir væru í sveit settir. Menn vilja, sem vonlegt er, dreifa skólunum, láta sem flestar sýslur njóta þeirra heima fyrir og þeirra áhrifa, er það hefur, að skóli starfar innan sýslu eða héraðs.

Nú vill svo til, að í Rangárvallasýslu starfar enginn skóli nema barnaskólar, en í Árnæssýslu starfa fleiri skólar: héraðsskóli, 2 húsmæðraskólar, garðyrkjuskóli og 2 íþróttaskólar. Þar eru einnig reknar allmargar garðyrkjustöðvar við sérstök skilyrði, er veita hagnýta starfsfræðslu í þeirri grein, þ. e. garðyrkju við jarðhita. Þessar ástæður í skólamálu Sunnlendinga ættu einar út af fyrir sig að vega drjúgum til þess, að hinn væntanlegi Bændaskóli Sunnlendinga yrði settur í Rangárvallasýslu, ef þar fyrirfyndist heppilegur staður fyrir skólann.

Þótt stundum sé deilt um það, hve heillavænleg áhrif skólar, t. d. héraðsskólar, hafi fyrir þær sveitir, sem þeir starfa í, er þess að vænta, að rétt reknir skólar séu og verði menningarstofnanir, er til heilla horfi fyrir umhverfi þeirra. Á þetta þó alveg sérstaklega við um fagskóla eins og bændaskólana. Mætti nefna margt því til sönnunar, að mikla nauðsyn ber til, að í Rangárvallasýslu risi upp fleiri menningarstofnanir en tilraunabú Búnaðarfélags Íslands á Sámstöðum, en þeirri stofnun skal sízt gleyma, hversu mikilsvert það er fyrir sýsluna, að hún skuli vera þar; ef það verði ekki, muni sýslunni hnigna um margt það, er eigi skyldi, eða að minnsta kosti verða lítið um framsókn og menningarþroska miðað við það, sem náttúran hefur þar að hjóða og hagnýta til hagsældar, ef menntun og þroski eflist og er að verki.

Það, sem hér hefur verið sagt um Rangárvallasýslu, styðst enn við það, og er ekki lítilsvert, að fyrir Skaftfellinga er miklu auðveldara og happavænlegra að sækja skóla á góðum stað í Rangárvallasýslu heldur en í Árnæssýslu, án þess að Árnésingum séu nein ókjör boðin að sækja bændaskóla austur yfir Þjórsá.

Fyrir Vestmannaeyinga má einu gilda, hvort skólinn er í Árnæssýslu eða Rangárvallasýslu. Fyrir þá er aðalatriði, að skólinn sé ræktunarskóli, en ekki mótaður af landrýmisákefð og viðáttubúskap.

Læt ég svo útrætt um þetta atriði, tel öll rök styðja, að skólinn eigi að vera í Rangárvallasýslu, ef þar finnst heppileg jörð fyrir hann, vel í sveit sett, en um það efast enginn, að margar slíkar jarðir er þar að finna.

2. Bændaskóli Suðurlands.

Hvernig á fyrirkomulag og rekstur skólans að vera? Val á skólasetri með tilliti til þess.

Hið stærsta og samfelldasta gróðurlendi á landi hér er Suðurlandsundirlendið. Þar eru mestir möguleikar fyrir framtíðarþróun íslensks landbúnaðar. Hversu sem fer um hana, hvort sem hún verður ör eða hæg, hvort sem býlín verða tiltölulega lítil og rekin af fáliðuðum bændum sem einkarekstur þeirra eða þau verða stór og rekin

með félagssniði í einhverju forni, blandast engum hugur um það, að þróunin hlýtur að verða í þá átt, að ræktunin aukist og yfirferð minnki. Túnrækt með ívafi akur-yrkju verði aðalatriði, áveitulönd verði ræst fram og ræktað á einn eður annan hátt o. s. frv. Óhófleg stærð lands, sem á er rekinn rýr fleytingsbúskapur, verður ekki um alla eilífð hnyðja á bóndanum og skylduliði hans, amstur, sem aldrei sér út yfir og engin leið sést til þess að losna við. Frá þessu verður horfið og haldið heim á leið, að nytja viðráðanlegt land á viðráðanlegan hátt án vonlausra átaka.

Af þessu viðhorfi, af þessari framtíð á væntanlegur Bændaskóli Suðurlands að mótast, — hann á fyrst og fremst að verða ræktunarskóli.

Ef lítið er til þeirra tveggja bændaskóla, sem fyrir eru, valda ýmsar aðstæður því, að óhægt er um vik að sveigja þá fljótt og vel í þá átt, sem hér hefur verið lítið, meðal annars sökum þess, að þeir eru fullstórir — fullfjölmennir — til þess. Þeim mun meiri nauðsyn er til, að hinn nýi skóli mótist af því, sem koma skal, og að þar sé fortíð látin eiga sem var.

Það kom á tímabili mjög til orða að velja skólanum stað á Sámsstöðum. Sú hugmynd átti ekki eingöngu rót sína að rekja til þess, að þar væri auðveldast að koma skólanum á fót, með minnstum tilkostnaði o. s. frv. Hún var einnig og líklega miklu fremur sprottin af þeirri raunsæi, að rekstur væntanlegs skóla og skólabús ætti í meginatriðum að stefna í sömu átt og rekstur tilraunabúsins á Sámsstöðum, í ræktunarátt, — mikla og vandaða ræktun takmarkaðs lands. Þótt hugmyndin um að hafa skólann á Sámsstöðum sé lögð á hilluna, er þessi hugmynd hin bezta bend-ing um, hvert stefna skuli og hvers menn vilja vænta af hinum nýja skóla.

Um stærð skólans eða réttara sagt nemendafjölda má segja, að flest bendi til þess, að hún eigi að vera minni heldur en þeirra bændaskóla, sem fyrir eru. Reynsla þeirra hefur sýnt, að örðugt er með þeim nemendafjölda, sem þar er, að veita nemendum þá verklegu þjálfun, sem þó er sanngjarnt og sjálfsagt að krefjast, að nemendur fái í bændaskóla. Þetta strandar meðal annars á því; að ef hinum mikla nemendafjölda væri beitt fullum fetum að verklegu ræktunarnámi, mundu skólarnir vaxa sér sjálfum yfir höfuð, — sprengja sig. Er því á þessum skólum valin, að nokkru leyti, sú illa leið að spara verklega námið við nemendurna, þó að það kosti þá miklu fórn, að nemendurnir verði miður en skyldi til þess færir að gerast forystumenn um verklega tækni úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Sé þetta rétt — sem ég vænti, að vart verði hrakið —, á val á setri fyrir hinn nýja skóla meðal annars að mótast af því, að þar sé nóg verkefni að stofna til ræktunar, þar sem ekki var miklu fyrir að fara áður, gnægð af verk-efni allt um kring, án þess að gapa yfir endalausri viðáttu, fyrir hæfilega fjöl-mennan hóp nemenda, ekki fjölmennari en svo, að þeir vinni lærdómsverk, en flæk-ist ekki hver fyrir öðrum.

Að meiri hluti nefndarinnar velur Skálholt sem hið æskilegasta skólasetur, virð-ist á áberandi hátt mótað af öðru viðhorfi en því, sem ég hef nú dregið á. Val Skál-holts, með mjög miklu landi, meðal annars miklu áveitulandi mjög fjarri heimatúni — þar sem allt bíður heim umsvifamiklum yfirferðabúskap — virðist stefna í sömu átt og það, sem mörgum þykir miður um rekstur gömlu bændaskólanna, benda til þess, að frekar sé hugsað um að ganga áfram troðnar götur heldur en að ryðja nýjar brautir, frekar sé hugsað um stærð og yfirferð heldur en að plægja og plægja djúpt.